

Nú árið 1926  
fræðingur.

(Lesandi Heimskringlu hefir beðið að birta þessar greinir og vonumst vér til að ritstjórn Morgunbl. misvirði ekki. — Ritstj.)

Það mun vera mjög fátítt, að um Island sé ritað eða Íslendinga, á suðurhveli jarðarinnar. En 13. júní 1925 mátti í blaðinu The Press, sem út kemur í hinum mikla framfarabæ Christchurch á Nýja Sjálandi, lesa langt mál um íslenzkan mann og íslenzka bók. Heitir sá Arnold Wall, sem ritað hefir og er skólakennari í Christchurch. Þykir mér enginn norrænu-, eða réttara sagt íslenzku fræðingur, eins merkilegur og prófessor Wall. Greinin heitir: A Thinker in Thule (íslenzkur heimspekingur), en einn kafli hennar, The book called Nyall (bókin Nýall). Var um grein þessa ritað í Lundúnum, rúmum tveim mánuðum eftir að hún birtist, og sá eg það, en ekki hefi eg sjálfur séð greinina fyr en nú í sum-ar. Virðist þess vert, að einnig á íslenzku sé nokkuð um grein þessa ritað.

Um Íslendinga segir próf. Wall, að þeir eigi sér mikla og frægilega forntíð, þó að fáir séu, og bókmentir sem engar aðrar miðaldabókmentir geti komist í samjöfnuð við; og er hann hefir lýst nokkuð þjóðinni, segir hann: To this small public Dr. Péturss addresses his bold far-reaching and original thoughts. Hvetur hann í greinarlok mjög til að veita kenningu Nýals eftirtekt, og lýk-ur máli sínu þannig: Whether We agree with him (höf. Nýals) or not, we must regard his speculations as worthy of the closest attention of those who are interested in such matters.

Blaðið, sem grein þessi stendur í, hefir aðalútbreiðslu sína í Nýja Sjálandi, í Australíu og um strendur Kyrrahafs, en mun amars eitthvað vera lesið víðast hvar á jörðinni. — Hefi eg orðið þess var, að grein þessi hefir vakið talsverða eftirtekt. Hafa þar margir séð Íslands getið, og lofsamlega, sem líklega hafa áður hafi áður varla vitað, að það land var til. Er gott til þess að vita, að Island skuli þarna hafa eignast góðan og gáfaðan vin, hinumegin á hnettinum.

Spá mín, um að Nýals mundi víða getið verða, hefir þegar ræzt, þó að sú bók hafi ekki auglýst verið.

Kenninga minna hefir nú verið minst á ensku í þrem heimssálfum og nægir það til þess að sýna, að þær muni verða víða kunnar, hversu mjög sem suma menn kann að langa til að þær yrðu þagaðar í hel. En á þýzku hefir hinn gáfaði rithöfundur og tónskáld, Jón Leifs, sem frægastur Íslendingur mun vera sinna jafnaldra, minst á þær af miklum drengskap. Aftur á móti hefi eg ekki orðið þess var, að þýzki íslenzkufræðingar hafi, enn sem komið er, neytt kunnáttu sinnar gagnvart mér, á þann hátt, sem æskilegt hefði verið. Munu þar mestu um valda ástæður, sem eg leiði heldur hjá mér að minnast á. En til þess að ráða þar bætur á, þyrfti ekki annað en það, að allir Íslendingar, sem eiga tal við útlenda menn, hefðu það nógu vel hugtast, hversu miklu skemtilegra er að líkjast meir Gunnari og Njáli, sem báðir voru göðgjarnir og sannsöglir, heldur en Merði og Skammkeli.

Helgi Péturss.

—Morgunblaðið.